

L Ö G

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkvæmt lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1964 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1963, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, skal innheimtur með 100% álagi, að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1964, er kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.